

Íslandsmótið í bardaga 2014

Íslandsmótið í bardaga verður haldið á Selfossi sunnudaginn 23. mars 2014. Nánari upplýsingar um hvenær keppni hefst og hvenær hús opnar koma bráðlega.

Skráning og greiðsla keppnisgjalda er til kl 23:59 laugardaginn 15. mars. Ekki verður tekið við skráningum eftir þann tíma. Keppnisgjald er 4.000,-.

Þjálfarar senda skráningar um iðkendur sína í heilu lagi í meðfylgjandi skjali. Skráningar sendast á tki@tki.is.

Keppnisgjöld skulu greidd inn á reikning 515-26-50010, kt 500103-2050 og senda skal kvittun á netfangið tki@tki.is. Hvert félag greiðir í heilu lagi fyrir alla keppendur.

Reynt verður eftir fremsta megni að halda flokkum jöfnum miðað við kyn, aldur, þyngd og belti. Ef sameina þarf flokka mun slíkt koma fram í birtri flokkaskiptingu.

Beltaflokkar

Miðað verður við þrjá beltaflokka, A (svört belti frá 1. Dan +), B (rauð belti; 4. til 1. geup) og C (9. til 5. geup). Mótsstjórn áskilur sér rétt til að sameina flokka þrátt fyrir þessi viðmið ef hún telur þess þörf. Þó verður A flokkur ekki sameinaður við C flokk.

Athugið að þeir sem hafa æft 6 sinnum eða oftar með A landsliði Íslands frá 1. september 2013 skulu keppa í A flokki óháð beltaráðu.

Aldursflokkar

Aldursflokkar eru eftirfarandi og miðast við fæðingarárið.

- Þeir sem verða 12 á árinu geta því keppt í cadet flokki).
- Þeir sem verða 15 á árinu geta valið hvort þeir keppi í cadet eða junior.
- Þeir sem verða 18 á árinu geta valið hvort þeir keppa í junior eða senior.

Mótsstjórn áskilur sér rétt til að sameina flokka þrátt fyrir þessi viðmið ef hún telur þess þörf og skal sameining ávallt vera frá yngri flokk upp í eldri. Höfuðspörk eru ekki leyfileg í cadet flokki og verði cadet flokkur sameinaður við junior flokk munu höfuðspörk ekki vera leyfð í þeim sameinaða flokki.

Cadet 12-14 ára

Junior 15-17 ára

Senior 18-29 ára

Veteran 30-39 ára

Veteran 40 ára og eldri

Þyngdarflokkar

<i>Karlaflokkur veteran (30+ og 40+)</i>	<i>Karlaflokkur senior (18-29 ára)</i>	<i>Karlaflokkur junior (15-17 ára)</i>	<i>Karlaflokkur cadet (12-14 ára)</i>
Að 54 kg	Að 54 kg	Að 45 kg	Að 33 kg
54-58 kg	54-58 kg	45-48 kg	33-37 kg
58-63 kg	58-63 kg	48-51 kg	37-41 kg
63-68 kg	63-68 kg	51-55 kg	41-45 kg
68-74 kg	68-74 kg	55-59 kg	45-49 kg
74-80 kg	74-80 kg	59-63 kg	49-53 kg
80-87 kg	80-87 kg	63-68 kg	53-57 kg
87-95 kg	Yfir 87 kg	68-73 kg	57-61 kg
Yfir 95 kg		73-78 kg	61-65 kg
		Yfir 78 kg	Yfir 65 kg

<i>Kvennaflokkur veteran (30+ og 40+)</i>	<i>Kvennaflokkur senior (18-29 ára)</i>	<i>Kvennaflokkur junior (15-17 ára)</i>	<i>Kvennaflokkur cadet (12-14 ára)</i>
Að 46 kg	Að 46 kg	Að 42 kg	Að 29 kg
46-49 kg	46-49 kg	42-44 kg	29-33 kg
49-53 kg	49-53 kg	44-46 kg	33-37 kg
53-57 kg	53-57 kg	46-49 kg	37-41 kg
57-62 kg	57-62 kg	49-52 kg	41-44 kg
62-67 kg	62-67 kg	52-55 kg	44-47 kg
67-73 kg	67-73 kg	55-59 kg	47-51 kg
73-80 kg	Yfir 73 kg	59-63 kg	51-55 kg
Yfir 80 kg		63-68 kg	55-59 kg
		Yfir 68 kg	Yfir 59 kg

Mótsstjórn áskilur sér rétt til að sameina á milli þyngdarflokka gerist þess þörf.

Vigtun

Vigtun verður á laugardeginum 22. mars í íþróttahúsinu á Selfossi **og** í Ármannsheimilinu í Laugardal milli klukkan 10 og 14. Ef keppendur komast ekki á þessum tíma er hægt að vigta sig áður en keppni hefst á keppnisdegi, en þeir sem falla á vigt þá missa sjálfkrafa keppnisrétt sinn í mótinu.

Skekkjumörk hjá karlmönnum eru 200 grömm og hjá konum 400 grömm.

Starfsfólk

Félög sem skrá færri en 5 keppendur til leiks skulu senda 1 hornadómara (hið minnsta) til að dæma á mótinu, félög sem senda fleiri en 5 keppendur skulu senda 2 hornadómara og 1 bardagastjóra (hið minnsta). TKÍ mun greiða starfsfólki fyrir unnar stundir í mótinu. Nafnalista yfir starfsmenn skal skilað inn samhliða lista yfir keppendur frá hverju félagi.

Reglur og keppnisfyrirkomulag

Keppt verður með Daedo rafbrynjur. Keppendur þurfa að vera með sérstakar hlífar til að skynjarar í brynjunni geti gefið stig. Hlífar verða hægt að fá að láni á mótinu, en TKÍ selur þær einnig á 7.000 kr. Í flokkum þar sem eru 4 keppendur eða fleiri skal keppt um bronsverðlaunin. ATH að þessar reglur eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Keppnisbúnaður

Keppendur þurfa að vera með eftirfarandi búnað í keppni:

Hjálmi

Brynju (TKÍ útvegar brynjur)

Ristarhlífar með skynjara (hægt verður að versla eða fá lánað á mótsstað)

Sköflungshlífar

Framhandleggshlífar

Hanska

Punghlíf (kk)

Æskilegt er að konur séu með klofhlífar

Hlífðargóm

Ef keppandi hefur ekki viðkomandi hlífar á sér fellur hann sjálfkrafa úr leik.

Stigagjöf

Eitt stig er gefið fyrir:

- Spark í brynju með löglegri tækni. Skynjari í brynju og ristarhlíf keppenda metur hvort höggið hafði verið nægilega fast og nákvæmt.
- Högg í brynju með löglegri tækni. Hornadómarar meta hvor höggið hafi verið nægilega fast og nákvæmt.

Tvö stig eru gefin fyrir:

- Snúningspark í brynju með löglegri tækni. Skynjari í brynju og ristarhlíf keppenda metur hvort höggið hafði verið nægilega fast og hornadómarar meta hvort um snúningsspark hafi verið að ræða og gefa þá aukastig fyrir viðkomandi tækni.

Þrjú stig eru gefin fyrir:

- Spark í höfuð með löglegri tækni. Hornadómarar meta hvor höggið hafi verið nægilega fast og nákvæmt. Höfuðsnerting er bönnuð í barnaflokki (12-14 ára) og í junior (15-17 ára) er ekki full höfuðsnerting.

Fjögur stig eru gefin fyrir:

- Snúningsspark í höfuð með löglegri tækni. Hornadómarar meta hvor höggið hafi verið nægilega fast og nákvæmt og hvort um snúningsspark hafi verið að ræða og gefa þá aukastig fyrir viðkomandi tækni. Höfuðsnerting er bönnuð í barnaflokki (12-14 ára) og í junior (15-17 ára) er ekki full höfuðsnerting.

Lengd bardaga

Lengd bardaga í cadet (12-14) eru 2×2 min með 30 sek á milli lotna.

Lengd bardaga í juniorflokkum (15-17) eru 3×2 min með 1 min á milli lotna.

Lengd bardaga í senior (18-29)- er 3×2 min með 1 min á milli lotna.

Lengd bardaga í veteran (30-39 og 40+)- er 3×1,5 min með 1 min á milli lotna

Ef annar keppandi er með 12 stiga mun áður en síðasta lota á að hefjast þá er ekki keppt síðustu lotuna og sigurvegari skal úrskurðaður. Einnig ef 12 stiga munur verður í síðust lotu bardagans þá skal bardagi stöðvaður og sigurvegari úrskurðaður.

Passi og keppnisleyfi

ATH að félög verða að vera skuldlaus við TKÍ fyrir starfsárið 2012. Keppendur þurfa að vera skráðir í félagakerfi ÍSÍ, Felix, eða annað viðurkennt skráningarkerfi og uppfylla aðrar kröfur ÍSÍ um keppni.